



Sjö sveitarfélög í Árneshvíðu:

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus standa sameiginlega að skóla- og velferðarþjónustu. Skólalþjónusta- og velferðarnefnd sveitarfélaganna markar þjónustunni stefnu í samvinnu við þá sem málið varðar. Lögð er áhersla á heildarsýn í málefnum einstaklinga og fjölskyldna. Skóla- og velferðarþjónustan skiptist í kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, barnaverndarmál, málefni eldri borgara og málefni fatlaðs fólks. Á svæðinu eru sjö leikskólar og sjö grunnskólar. Nemendafjöldi er alls um 1.450.

Umsóknir eru fylltar út á www.hagvangur.is

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaganna eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um.

FORSTÖÐUMAÐUR SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTU ÁRNESHVÍÐA

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíða bs óskar eftir að ráða forstöðumann sem hefur yfirumsjón með og samhæfir störf félagsráðgjafa, deildarstjóra í heimaþjónustu, forstöðumanna þjónustueininga á starfssvæðinu og sérfræðinga skólalþjónustunnar.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur, stjórnun og eftirlit með framkvæmd þjónustu og ákvarðanatöku nefndarinnar og eftir atvikum ákvarðana sveitarstjórna þegar þess er þörf
- Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar og eftirlit með útgjöldum þeirra aðila sem heyra undir málaflokkinn
- Yfirumsjón með starfsmannamálum
- Fagleg ráðgjöf til starfsfólks
- Ýmis ráðgjöf gagnvart aðildarsveitarfélögum við gerð fjárhagsáætlunar og um önnur mál er snerta rekstur þjónustunnar
- Ábyrgð á góðu samstarfi við að efla faglega þjónustu allra sem starfa í skóla- og velferðarþjónustu
- Skýrslugerð og frágangur skjala og annarra gagna á sviði þeirra málaflokka sem undir hann heyra
- Önnur trúnaðarstörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í félagsráðgjöf eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Framúrskarandi lipurð og færni í samskiptum